

99 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Halldórs Guðmunds-  
24. júlí sonar frá Botni, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra  
24. júlí 1958.

Skipulagsskráin er þannig:

## SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Halldórs Guðmundssonar frá Botni í Súgandafirði,  
f. 14. marz 1922, d. 21. febr. 1943.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Halldórs Guðmundssonar frá Botni.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að fegra Suðureyrarkirkju eða umhverfi hennar með kaupum á munum, gróðursetningu blóma eða trjáa eða á annan hátt, er stjórnendum sjóðsins þykir tilhlýðilegt.

3. gr.

Sjóðurinn var stofnaður 22. des. 1947, með kr. 1000.00 — eitt þúsund króna — framlagi foreldra Halldórs: Sveinbjargar Hermundsdóttur og Guðmundar Ág. Halldórssonar, Suðureyri, Súgandafirði. Skal hann ávaxtaður í Sparisjóði Súgafirðinga eða annarri hliðstæðri peningastofnun.

4. gr.

Tekjur sjóðsins skulu vera gjafir, sem honum kunna að berast, svo og vextir af innstæðufé. Aldrei má eyða öllu fé sjóðsins en láta hann að öðru leyti fullnægja tilgangi sínum eftir því, sem ástæður þykja til og efnahagur leyfir.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum: Sóknarprestinum og tveimur mönnum tilnefndum af nánustu ættingjum Halldórs heitins. Skal sóknarpresturinn annast reikningshald sjóðsins og gera skil á reikningum hans á aðalfundi safnaðarins ár hvert. Reikningarnir skulu endurskoðaðir af sóknarnefndinni.

6. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

100

19. júlí

## SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Ólafsvíkurhreppi, Snæfellsnessýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra eftir hverjar almennar hreppsnefndarkosningar, og er kjörtími hans hinn sami og kjörtímabil hreppsnefndar.

2. gr.

Sveitarstjóri á sæti á fundum hreppsnefndar og hefur þar óbundið málfrelsi og tillögurétt, en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins, að hann sé hreppsnefndarmaður.

## 3. gr.

Sveitarstjóri hefur á hendi framkvæmd ákvarðana þeirra, sem hreppsnefnd gerir, og hreppsmála yfirleitt. Hann sér um, að öll störf sem nefndin á að annast um, séu tilhlýðalega unnin. Hann annast innheimtu á tekjum hreppssjóðs og fyrirtækja hans, án sérstakrar þóknunar. Hann er féhirðir hreppsnefndar og reikningshaldari, semur allar skýrslur hennar og reikninga, annast bókun alla og bréfa- viðskipti. Hann geymir bækur nefndarinnar, innstæðufé hreppsins, verðbréf og öll önnur skjöl og hvað annað, sem hreppnum tilheyrir og hreppsnefndin á að hafa ábyrgð á.

Í forföllum sveitarstjóra skal oddviti annast störf hans.

## 4. gr.

Sveitarstjóri setur þá tryggingu, sem hreppsnefndin ákveður, fyrir innheimtum þeim, sem hann hefur á hendi, sbr. 3. gr.

## 5. gr.

Laun sveitarstjóra skulu ákveðin í ráðningarsamningi þeim, sem í 6. gr. getur og greiðast þau úr sveitarsjóði.

## 6. gr.

Oddviti skal fyrir hönd hreppsnefndar gera ráðningarsamning við sveitarstjóra, eftir að ráðning hans hefur verið samþykkt í hreppsnefnd, og skal þar nánar kveðið á um kjör hans, orlof, skrifstofutíma, lífeyri og annað það, sem rétt þykir að taka fram af því tilefni, enda skal ráðningarsamningur vera samþykktur af hreppsnefnd. Uppsagnarfrestur af hálfu hvors aðila skal vera þrjú mánuðir.

## 7. gr.

Nú verður sveitarstjóri sekur um stórfellda og ítrekaða vanrækslu eða hirðuleysi í starfi sínu og skeytir ekki áminningu hreppsnefndar, og getur hún þá með fundarsamþykkt vikið honum frá störfum, en tilkynna skal félagsmálaráðuneytinu þegar frávikninguna. Oddviti tekur þá við starfi sveitarstjóra og gegnir því, unz sveitarstjóri hefur verið ráðinn að nýju.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hefur samið og samþykkt, samkv. lögum nr. 19 frá 1951 um sveitarstjóra, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 19. júlí 1958.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Helgi Helgason.*